



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

Dagsetning
19.01.2015

Gunnar Örn Friðriksson
Hnoðravöllum 24
201 Hafnarfirði

Í tilefni af tölvupósti þínum dags. 16. janúar 2015 upplýsist eftirfarandi:

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 30. desember 2014 var samþykkt samkvæmt þinni ósk að regnvatnslögnin yrði lögð samkvæmt upprunalegri teikningu. Það var það erindi sem lá fyrir til afgreiðslu. Bréf sem þér barst dags. 5. janúar 2015 var einungis tilkynning um þá afgreiðslu. Hyggist þú senda inn erindi um að leggja regnvatnslögnina í aðra legu, verður það erindi að sjálfsögðu tekið til afgreiðslu eins og önnur erindi. Verður þá metið hvort erindið sé í samræmi við byggingarreglugerð og erindið afgreitt samkvæmt því.

Virðingarfyllst,

Dr. Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarfjarðar